

Frumvarp til breytinga á lögum um háskóla nr 63/2006.

Ég tel að rétt sé að líta jákvætt á þessar breytingar sem herða reglur um hvað geti kallast viðbótapróf á meistarastigi, en jafnframt opna möguleika á að skilgreina styttra nám til námeininga.

Þó er frumvarpið óskýrt hvað varðar það nýja nám, þ.e. „Háskólar geta skilgreint örnámskeið eða annað styttra nám til námseininga á námsstigum sem skilgreind eru í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður skv. 5. gr.“ Í greinargerð með frumvarpinu segir „í öðru lagi að kynna og skilgreina örnám til ECTS-eininga, sem hluta af bakkalár-, meistara- eða doktorsnámi“ – Það er þó ekki ljóst hvað slíkar gráður ættu að kallast og hvernig þær skulu skilgreinast innan viðmiðana og hvernig slíkt nám geti safnast upp inn í viðurkennt nám, sem skilgreint er af viðmiðunum. Örnám hefur þannig ekki skilgreind opinber lærdómsviðmið, en æskilegt væri að slíkt nám hefði slíkt.

Þegar kemur að skilgreiningu örnámskeiða til ECTS, þá er ekki ljóst hvað átt er við með því. Nú hafa háskólar skilgreind lítil námskeið 1 – 2 ECTS, þar sem er verið að horfa til 1 – 2 vikna vinnu. Er hér verið að horfa til enn smærri námskeiða, rétt væri að skilgreina það betur hvað átt er við sem örnámskeið. Slíkt gæti t.d. komið fram í orðskýringum með frumvarpinu.

Það er óskýrt hvað átt er við með M. Phil gráðu og hvers vegna þörf sé á að þróa slíka gráðu. Með leit á netinu má sjá að slík gráða er ekki algengi og hefur verið aflögð í sumum löndum, s.s. Noregi. Í nokkrum löndum virðist hér um að ræða meistaranám þar sem að stór hluti námsins sé rannsóknaverkefni. Slíkt meistaranám, t.d. Sjávar og vatnalíffræði við Háskólann á Hólum, eru nú þegar algeng í því kerfi sem nú er til staðar. Í UK er þessi gráða notuð til þess að veita fólki sem ekki nær að klára PhD nám, þannig að það er leið út úr náminu. Er þörf fyrir slíkt hér á landi?

Pr. Bjarni K. Kristjánsson, on behalf of DAFB at Háskóli á Hólum.

Hólar 5. Febrúar 2024, Camille Leblanc, Head of DAFB

